

**Borgarráð Reykjavíkur**  
**Tjarnargötu 11**  
**101 Reykjavík**

**Reykjavík 14.11.2019**

**Svar við fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um nýtingu eða sölu metans hjá SORPU bs. - R19090140 frá 12. september 2019.**

SORPU barst ofangreint erindi með tölvupósti þann 17. september sl. Beðist er velvirðingar á þeim drætti sem orðið hefur við að svara erindinu.

Fyrirspurnin ásamt drögum að svari var kynnt stjórn SORPU á stjórnarfundum þann 1. nóvember sl.

Metan er orkugjafi sem má nýta á margvíslegan hátt t.d. sem eldsneyti á ökutæki en einnig sem orkugjafi í iðnaði. Nýlega sendi SORPA erindi á öll sveitarfélögin sem eiga SORPU og innti eftir áætlunum sveitarfélaganna um nýtingu á metani en Strætó bs. og SHS bs. voru einnig send slík erindi. Svör hafa ekki borist nema frá SHS, en fundað hefur verið með Strætó um mögulega nýtingu í almenningssamgöngum og er Strætó jákvætt fyrir nýtingu þessa innlenda vistvæna eldsneytis. Hins vegar þarf að tryggja fjármögnun innviða áður en Strætó getur hafið uppbyggingu á metanvögnum. Rétt er að hafa í huga að Strætó bs. fjárfesti nýlega í tveimur nýjum metanvögnum sem bætast þá við þá tvo sem fyrir eru. Svar SHS var jákvætt um notkun metans eins og möguleikar leyfa hverju sinni.

Sveitarfélögin geta síðan nýtt þetta eldsneyti á önnur ökutæki t.d. í sorphirðu og hefur SORPA hvatt til þess að sett séu skilyrði um notkun á metanknúnum sorphirðubílum í útboðum sveitarfélaganna en þess má geta að Reykjavíkurborg nýtir metan á allan sorpbílaflota sinn. Flokkabílar og aðrir þjónustubílar eru jafnframt kjörinn vettvangur fyrir notkun á metani. SORPA hefur einnig bent á að í útboðum fyrir ferðaþjónustu fatlaðra mætti nýta metan, líkt og gert er á Akureyri. Þar sem SORPA bs. er í eigu sveitarfélaganna hefur þótt sjálfgefið að kanna hjá eigendum hvort vilji sé til að nýta metanið áður en róið er á önnur mið. Verði niðurstaða eigenda neikvæð mun SORPA einbeita sér að öðrum nýtingarmöguleikum.

Ýmsir aðilar hafa líst yfir áhuga á notkun metans í ýmis konar starfsemi sem ekki er tímabært á þessari stundu að fjalla um. Hver svo sem leiðin verður þá er ljóst að hægt verður að nýta metan á margvíslegan annan hátt þó það muni ekki gerast í einni hendingu.

Virðingarfyllt,  
f.h. SORPU bs.



Björn H. Halldórsson  
framkvæmdastjóri